

Cetol Filter 7

Hálfbekjandi viðarolía

Efnislýsing

Cetol Filter 7 er hálfbekjandi terpentínubynnaleg alkýðolía, ætluð til notkunar á við utanhúss. Efnið er háfyllandi (e. high solid) með innbyggðri UV-sólarvörn sem viðheldur teygjanleika efnisins og tryggir góða endingu. Viðarvíurnar haldast áfram vel sýnilegar - engin önnur tegund viðarvarnar gefur svo mikla dýpt og dregur fram fegurð viðarins. Cetol Filter 7 viðarolían er veðurþolin því hún myndar örfína gegndræpa filmu sem virkar þannig að yfirborðið dregur ekki í sig viðbótarraka utan frá á meðan raki kemst í gegn innan frá (e. microporous). Yfirborðið er því vatnsfráhrindandi og óhreinindi festast ekki á fletinum. Þetta þýðir framúrskarandi viðarvörn sem hindrar myglu- og þörungavöxt, flögnun og sprungumyndun. Cetol Filter 7 er mjög auðveld í notkun og einfalt að viðhalda viðnum með efninu.

Cetol Filter 7 viðarolían er notuð sem lokaumferð á tréverk úr nýjum við, hvort sem viðurinn er mjúkur (s.s. greni og fura) eða harðviður (s.s. tekk, sedrus og maghoní). Ætíð skal nota Cetol HLS plus sem fyrstu umferð á nýjan við.

Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viði). Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast þannig að búa til færsluskil, þ.e. aukalitstyrk á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun. Þegar þeim litstyrk sem óskað er eftir er náð skal nota ljósari lit næst (jafnvel glæran) við endurmálun til að viðhalda upprunalegum litstyrk. Kerfið er með endingu í allt að fimm ár.

Nýmálun viðar, þriggja umferða kerfi:

1. Hrærið vel í dósinni.
2. Berið 1 umferð á með Cetol HLS plus.
3. Berið 2 umferðir af Cetol Filter 7 á viðinn.

Endurmálun viðar:

1. Þrífið með Nordsjö Målarvätt og mattið yfir með fínum sandpappír.
2. Berið 1-2 umferðir af Cetol Filter 7 á vel þurran flötinn.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið fötunni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýðolía

Gljástig: Satín

Hiti við málun: 5-35°C

Þekja: Þurrfilmuþykkt 18 míkron er um 16 m²/l. Þekja fer mikið eftir viðartegund, ástandi yfirborðsins, vinnsluaðferð og aðstæðum við málun

Þurrefni: Um 59% af vigt og um 53% af rúmmáli

Þéttleiki: 0,93 kg/dm³

Ráðlögð þykkt: Þurrt: Um 18 míkron hver umferð. Blautt: Um 55 míkron. Cetol Filter kerfi á að hafa minnst um 35-40 míkrona þurrfilmuþykkt

Þornun við 20°C/65% RH: Rykfrítt: Um 3 klst. Yfirmálun: Um 16 klst

Ending að endurmálun: Um 3-5 ár á þriggja umferða kerfi. Ending fer þó mikið eftir staðsetningu, gæðum viðarins, hönnun, vinnsluaðferðum o.fl.

Verkfæri: Penslar

Hreinsun: Hreinsuð terpentína

Litir: Glært og allir viðarlitir

Umbúðir: 1, 2,5 og 5 lítra dósir

Geymsluþol: Minnst 12 mánuðir í upprunalegum og óopnuðum ílátum

Geymsla: Í þurru rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): (fl. A/e) mest 500g/l (2007), mest 400 g/l (2010). Cetol Filter 7 inniheldur mest 400 g/l

Síðast endurskoðað í október 2023